

**3174. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
11. febrúar 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1602030 - Fundargerðir 2016 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands**
132. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 27. janúar 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
2. **1601427 - Fundargerðir 2016 - stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar**
1. fundur stjórnar fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar frá 19. janúar 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. **1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd**
23. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 20. janúar 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
4. **1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**
13. mál um verslun með áfengi og tóbak.
14. mál um embætti umboðsmanns aldraða.
400. mál um vatnsveitur sveitarfélaga.
404. mál um uppbyggingu og rekstur frá veitna.
Lagt fram.
5. **1602049 - Handbært fé 2016 - tillögur að fjárfestingu**
Sviðsmyndir um mismunandi ráðstöfun á handbæru fé á árinu 2016.
Andrés Ólafsson fjármálastjóri kemur inn á fundinn undir þessum lið.
Lagt fram.
6. **1511324 - Höfði - lífeyrisskuldbindingar**
Drög að samantekt um lífeyrisskuldbindingar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða.
Lagt fram.

7. 1512242 - Saga Akraness - þrotabú Uppheima ehf.

Erindi skiptastjóra þrotabús Uppheima ehf. varðandi bókakaup.

Bæjarráð felur bæjarstjóri að árétta fyrra tilboð til þrotabúsins.

Fjárhæðinni, kr. 500.000, ef um semst verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.

8. 1602104 - Starf skólastjóra í Grundaskóla

Erindi skóla- og frístundaráðs vegna auglýsingar og ráðningar á stöðu skólastjóra við Grundaskóla.

Bæjarráð samþykkir erindi skóla- og frístundaráðs þar sem lagt er til að ráðningastofan Capacent annist úrvinnslu umsókna. Tengiliðir við Capacent verða Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Gunnar Gíslason ráðgjafi. Ennfremur samþykkir bæjarráð kostnað vegna auglýsingar.

Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

9. 1601447 - Vallarsel - athugasemdir vegna lóðar

Erindi foreldraráðs Vallarsels um ástand garðsins umhverfis leikskólann.

Bæjarráð þakkar ábendinguna og unnið er að lausn málsins í samvinnu við leikskólastjóra Vallarsels.

10. 1505065 - Suðurgata 64

Framtíðarlausn á lóð við Suðurgötu 64.

Bæjarráð samþykkir að gera verðkönnun um niðurrif á Suðurgötu 64. Ennfremur felur bæjarráð bæjarstjóra að hefja viðræður við Starfsmannfélag Reykjavíkurborgar um kaup á Suðurgötu 62.

Bæjarráð óskar eftir að skipulags- og umhverfisráð komi með tillögu að bráðabirgðalausn um ásýnd svæðisins m.a. með tilliti til skjóls á Akratorgi.

11. 1601412 - Grundartangi - þróunarfélag

Erindi byggðarráðs Borgarbyggðar frá 4. febrúar sl. um stofnun Þróunarfélags Grundartanga.

Lagt fram.

12. 1601445 - Kjarasamningar VLFA

Samkomulag við Verkalýðsfélag Akraness.

Bæjarráð samþykkir samkomulag við VLFA í tengslum við nýgerða kjarasamninga félagsins við Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkomulagið tekur til tímabilins 1. maí 2015 til 31. desember 2015 og tryggir félagsmönnum VLFA sem starfa hjá Akraneskaupstað sömu kjör og aðrir starfsmenn Akraneskaupstaðar hafa fengið samkvæmt kjarasamningum við Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir sama tímabil.

13. 1602109 - Fræðsluferð fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum á Vesturlandi og embættismenn vorið 2016

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hefur skipulagt fræðsluferð til Noregs dagana 24. til 28. apríl næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir að í ferðina fari tveir fulltrúar úr bæjarstjórn ásamt bæjarstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:05.